

Þingskjal 416 – 402. mál.

Reykjavík 4. desember 2023

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um skólamáltíðir og umgjörð þeirra.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Margrét Júlía Rafnsdóttir
Verkefnastjóri

Berglind Sigmarsdóttir
Framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra.

Barnaheill þakka fyrir tækifærið til að skrifa umsögn um ofangreint mál og fagna því að fram sé komin þingsályktunartillaga um gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra. Samtökin vona að tillagan nái fram að ganga, enda væri það liður í að uppfylla heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um að uppræta fátækt og hungur.

Barnaheill- Save the Children á Íslandi hafa um árábil talað fyrir því að skólamáltíðir séu gjaldfrjálsar. Samtökin vinna að málefnum barna sem búa við fátækt og gjaldfrjálsar skólamáltíðir eru einn af lykilþáttum þess að vinna gegn fátækt og jafna stöðu barna til heilbrigðis. Enda eiga öll börn rétt á heilbrigði og hollum mat án mismununar samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Í samstarfi við Evrópuhóp Save the Children hafa Barnaheill unnið fjölda skýrsla um fátækt meðal barna og þrýst á stjórnvöld að setja sér stefnu og áætlun um að uppræta fátækt.

Samtökin vilja benda á tvö atriði í þingsályktunartillögunni:

- 1. Of algengt er að matartímar barna í grunnskólum einkennist af tímaskorti og að neyta þurfi matarins í flýti, til að komast í frímínútur. Flýtir og óreiða í matartímum stuðlar ekki að góðum matarvenjum og getur ýtt undir streitu nemenda.*

Ef þetta er staðan í einhverjum skólum gæti þurft að gera breytingar á reglugerðum til að breyta aðstæðum. Gera má ráð fyrir að starfsfólk skóla reyni að fremsta megni að gera máltíðir barnanna notarlegar miðað við aðstæður á hverjum stað og fjölda starfsfólks sem völ er á til að sinna þessu.

- 2. Að mati tillöguflýjtjenda er of algengt að framleiðslu skólamáltíða sé útvistað til fyrirtækja sem ná fram stærðarhagkvæmni á kostnað næringarinnihalds. Flutningsmenn vilja áréttta mikilvægi þess að ekki sé gripið til þess að nota unna, ódýrari matvöru til að framleiða skólamáltíðir.*

Þess má geta að einungis hluti skóla er búinn aðstöðu þar sem hægt er að elda mat frá grunni. Í mörgum þeirra er einungis framreiðslueldhús. Ef skólarnir eiga að geta eldað frá grunni, þarf að bæta aðstöðu þeirra. Barnaheill taka þó undir að börn eigi að fá sem hreinasta fæðu sem er lítið unnin og helst framleidd ekki langt frá skólanum. Þar með er stuðlað að hollustu, heilbrigði og sjálfbærni.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru hluti af alþjóðasamtökunum Save the Children sem stofnuð voru árið 1919 og vinna að réttindum og velferð barna með

Barnaheill - Save the Children á Íslandi – Fákafeni 9, 108 Reykjavík
s. 553 5900 – barnaheill@barnaheill.is - www.barnaheill.is

barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun að leiðarljósi í öllu starfi.

Barnaheill eru leiðandi afl í að breyta viðhorfum og verklagi varðandi málefni barna og réttindi þeirra. Framtíðarsýn Barnaheilla er heimur þar sem sérhvert barn hefur tækifæri til að lifa og þroskast, fær gæðamenntun, lifir öruggu lífi og hefur tækifæri til að hafa áhrif. Við stöndum vaktina í þágu barna og gætum réttinda þeirra.